



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Hofskirkja, Örafum 12. nóvember 2021

Ágæta samverkafólk.

Nú gefur enn á bátinn. Þegar fjöldi smita greinist aftur í samfélaginu er mikilvægt fyrir þjóðkirkjuna að bregðast hratt við.

Eftirfarandi reglur um samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs munu taka gildi á miðnætti;

- Almennar fjöldatakmarkanir 50 manns: Börn fædd 2016 og síðar teljast ekki með. Í þessu felst að óheimilt er að fleiri en 50 komi saman, hvort heldur inni eða utandyra, í opinberum rýmum eða einkarýmum.
- Nálægðarmörk 1 metri milli ótengdra aðila: Ef ekki er hægt að virða mörkin er skylt að nota andlitsgrímu. Þrátt fyrir þetta eru íþróttir með snertingu áfram heimilar hjá börnum og fullorðnum. Enn fremur eru leikskólabörn og nemendur í 1. til 4. bekk í grunnskóla undanþegin 1 metra reglunni.
- Grímunotkun: Skylt er að nota grímu sé ekki hægt að virða 1 metra reglu, s.s. í verslunum, almenningssamgöngum og starfsemi sem krefst nándar, t.d. á hárgreiðslustofum. Börn fædd 2006 og síðar eru undanþegin grímuskyldu.
- Fjölmennir viðburðir með notkun hraðprófa: Heimilt er að halda viðburði fyrir 500 manns í hverju sóttvarnahólfi ef allir gestir fæddir 2015 og fyrr framvísa neikvæðri niðurstöðu úr hraðprófi sem má ekki vera eldra en 48 klst. Ef ekki er hægt að uppfylla eins metra reglu skulu gestir bera grímu, að undanskildum börnum fæddum 2006 eða síðar. Heimilt er að víkja frá 1 metra reglu þegar gestir sitja en þá ber að nota grímu. Skylt er að skrá gesti í föstum sætum með nafni, kennitölu og símanúmeri.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.

Frá upphafi faraldursins hefur þjóðkirkjan lagt sig fram um að sýna ábyrgð og varúð í öllu starfi og vera umfram allt virkur þáttakandi í samfélaginu í að kveða niður þessa óværu sem Covid er.

Nú framundan er aðventa og jólahátíð. Það er von mín að með samhentu átaki þjóðarinnar verði hægt að kveða niður þessa bylgju og hægt verði að njóta hátíð ljóss og friðar með öllum þeim sem við elskum. Til þess þurfum við nú sem fyrr að sýna ábyrgð og varúð.

Ég hvet ykkur, ef þið hafið þess möguleika, að streyma messum og öðrum viðburðum þannig að fólk hafi val um að njóta þjónustu ykkar í gegnum netið. Þið hafið sýnt það og sannað í þessum faraldri að þjóðkirkjan er fljót að taka upp nýjar og skapandi leiðir, með tæknina og ólíka miðla að leiðarljósi, til að boða fagnaðarerindið. Ég er stolt af kirkjunni minni þegar ég hugsa til þess.

Ég þakka ykkur öllum fyrir ykkar dyggu og dýrmætu þjónustu og hvet ykkur enn til dáða.

Megi við öll vera farvegur bænar og lofgjörðar í þjónustu okkar í kirkju Krists á Íslandi.

Ég lofa land og haf
það líf sem Guð mér gaf,
í vorsins yl og vetrarins byl
ég lofa land og haf.

(Sálmur 852, vers 3: Eygló Eyjólfsdóttir)

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.